

## Niðurstöður starfshóps um félagaskiptaglugga árið 2023

Á fundi stjórnar KSÍ 15. ágúst 2022 skipaði stjórn starfshóp um félagaskiptaglugga árið 2023.

Eftirtaldir aðilar sátu í starfshópnum:

Haukur Hinriksson (KSÍ), Ólafur Kristjánsson (Breiðablik), Guðbjörg Fanndal Torfadóttir (ÍTF), Halldór Jón Garðarsson (Haukar), Víglundur Páll Einarsson (Einherji), Sif Atladóttir (Leikmannasamtökin). Kristinn Björgúlfsson (Leikmannasamtökin) sat einnig fundi í fjarveru Sifjar.

### Um tilgang og hlutverk starfshópsins:

Miklar vangaveltur og umræður hafa átt sér stað vegna félagaskiptaglugga og hvort mögulega megi gera breytingar á þeim m.t.t. til breytinga sem orðið hafa á keppnistímabilum í hinum ýmsu deildum Íslandsmótsins. Sem dæmi um mun á milli deilda, þá lauk tímabili þeirra liða í 4. deild karla, sem ekki komust í úrslitakeppni, þann 20. ágúst sl. á meðan keppni félaga í Bestu deild karla lýkur þann 29. október. Tímabil félaga í Bestu deildum karla og kvenna gæti jafnvel lokið enn síðar í tilfelli einstakra liða ef árangur í Evrópukeppni er þannig að liðið komist í riðlakeppni. Nefna má að samkvæmt reglugerð FIFA ber fyrri félagaskiptaglugga hvers árs að ljúka fyrir upphaf tímabils. Venjan hefur hins vegar verið sú hér á landi að félagaskiptagluggar eru ekki að loka fyrr en um miðjan maí, þegar jafnvel nokkrar vikur eru liðnar af mótum í efri deildum. Það hefur til að mynda verið vegna þess að keppni í neðri deildum hefst seinna og því þarf að gefa félögum þar færi á að ganga frá sínum félagaskiptum. Því má færa fyrir því rök að félagaskiptagluggar, eins og þeir eru skipulagðir í dag, séu misvel hentugir fyrir félög eftir því í hvaða deild þau keppa.

Að hafa félagaskiptaglugga opna stóran hluta af móti hefur áhrif á heiðarleika og heilindi(integrity) móts, sem er ástæða þess að FIFA reglugerð kveður á um að fyrri glugga skuli loka fyrir upphaf tímabils og miðtímabilsgluggi(sumargluggi) megi aldrei vera lengri en 4 vikur. Þessar reglur eiga þó aðeins við um félagaskipti í keppni samningsleikmanna (professional). Samkvæmt reglugerð FIFA má skipta félagaskiptagluggum upp þannig að þeir séu misjafnir í deildum þar sem leikmannssamningar eru heimilir (professional) gagnvart deildum þar sem ekki er heimilt að gera leikmannssamninga (amateur). Þá er einnig heimilt að hafa félagaskiptaglugga ólíka í karladeildum gagnvart kvennadeildum.

Það þótti því tímabært að skoða hvaða breytingar eru mögulegar á félagaskiptagluggum eins og þeir eru nú skipulagðir og hvaða heimildir reglugerð FIFA um félagaskiptaglugga býður upp á. Um leið er tímabært að skoða hvort þörf sé á breytingum á núverandi fyrirkomulagi. Því samþykkti stjórn KSÍ að skipa starfshóp sem var gefið það hlutverk að rýna í þá möguleika sem eru fyrir hendi og gera tillögur fyrir haustið, eða eigi síðar en í októbermánuði 2022. Ákveðið var að í hópnum yrðu fulltrúar úr sem flestum deildum Íslandsmótsins, bæði í efri og neðri deildum karla og kvenna. Þá var talið ákjósanlegt að í hópnum yrði fulltrúi leikmannasamtakana og fulltrúi frá ÍTF.

### Vinnufundur hópsins:

Hópurinn hittist þrívægis, þann 5. september sl., þann 10. október sl. og loks þann 26. október 2023.

Hópurinn skoðaði viðeigandi ákvæði úr reglugerðum er varða reglur um félagaskiptaglugga. Á grundvelli reglugerða hjá KSÍ og FIFA mega félagaskiptatímabil aðeins vera tvö á hverju keppnistímabili. Það fyrra skal ekki ná yfir lengri tíma en 12 vikur og það síðara skal ekki ná yfir lengri tíma en fjórar vikur. Þessi félagaskiptatímabil skulu ákveðin af stjórn KSÍ eigi síðar en í októbermánuði ársins á undan.

Þegar litið er til skylduákvæða FIFA reglugerðar, sem gilda um félagaskiptaglugga, þá kemur þar fram að fyrri gluggi (12 vikur) skuli byrja á 1. degi skilgreinds keppnistímabils. Skilgreint keppnistímabil hér á landi byrjar 1. febrúar og af því má ráða að fyrri gluggi ætti í raun að opna hér á landi 1. febrúar. Þá segir í reglugerð FIFA að sumargluggi skuli venjulega opna á miðju tímabili.

Einnig er vert að geta þess að ekki gilda sömu reglur um félagaskipti og félagaskiptaglugga fyrir áhugaleikmannadeildir (deildir þar sem aðeins má gera sambandssamninga). Litlar sem engar takmarkir eru settar um félagaskipti leikmanna í áhugamannadeildum í FIFA reglugerð, aðrar en að gæta skuli að heilindum viðkomandi móts.

Starfshópurinn var sammála um það að þarfir deilda hér landi á væru orðnar afar misjafnar þegar kemur á félagaskiptagluggum. Til marks um það ná keppnir í neðstu deildum yfir mun styttra tímabil heldur en keppnir í efstu deildum. Áhrifaþættir eru sömuleiðis misjafnir, t.d. vegna þátttöku félaga í Evrópukeppnum, þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum, félagaskiptaglugga í öðrum löndum o.fl. Árið 2023 mun leiktímabil í efstu deildum líklega hefjast í byrjun apríl mánaðar og ná til loka október mánaðar. Keppni í neðri deildum mun að líkindum hefjast í byrjun maí en vera lokið um miðjan september. Þá er vert að geta þess að keppni í Lengjubikarnum mun að líkindum hefjast um 10.-12. febrúar 2023. Hópnum finnst mikilvægt að leggja til að félagaskiptagluggum sé háttað þannig að þeir henti sem best fyrir félög í hverri deild fyrir sig, fyrir félög í Evrópukeppni og sömuleiðis að hugsað sé til þess hvenær keppni hefst í Lengjubikar.

### Niðurstöður og tillögur:

Fyrir liggur að heimildir eru til að skipta upp félagaskiptagluggunum á þrenna vegu:

- Heimilt er *í fyrsta lagi* að ákveða félagaskiptaglugga fyrir efstu deildir kvenna, þ.e. þær deildir sem leikmannssamningar eru heimilir, á sérstökum tímabilum.
- *Í öðru lagi* er heimilt að ákveða félagaskiptaglugga fyrir efstu deildir karla, þ.e. þær deildir sem leikmannssamningar eru heimilir, á öðrum tímabilum, og,
- *Í þriðja lagi* er heimilt að ákveða félagaskiptaglugga fyrir þær deildir karla og kvenna þar sem einungis sambandssamningar eru heimilir.

Hópurinn er sammála um það að a.m.k. sé þörf á að ákveða mismunandi glugga fyrir félagaskipti í neðri deildum karla og kvenna annars vegar og efri deildum karla og kvenna hins vegar. Félagaskiptagluggi í efri deildum gæti þannig lokað fyrr á vorin heldur en gluggi í neðri deildum. Sömuleiðis gæti sumargluggi í efri deildum færst aftar og þannig hentað betur lengra tímabili í efri deildum, sem og Evrópukeppnum karla og kvenna. Þá gæti sumargluggi sem



færast aftar með þessu móti hentað betur fyrir félög sem missa leikmenn frá sér út í Háskóla í haustin.

Hópurinn telur það einnig vera þarft skref að félagaskiptagluggi sé orðinn opin áður en keppni í Lengjubikarnum hefst. Þannig gætu leikmenn sem eru að skipta erlendis frá til félaga hér á landi verið komnir með leikheimild áður en keppni hefst í Lengjubikar.

Varðandi félagaskiptaglugga neðri deilda karla og kvenna, þá telur hópurinn að gott væri að létta meira á takmörkunum þegar kemur að félagaskiptum og fara meira í átt að fyrirkomulagi sem gildir um samningslausa leikmenn yngri flokka. Þ.e. að félagaskiptagluggar séu opnir stóran hluta af leiktímabili, en loki einungis tímanlega fyrir úrslitakeppni eða lokahluta viðkomandi móts. Þannig sé gætt að heilindum í mótum neðri deilda.

Starfshópurinn er meðvitaður um það að með framangreindu fyrirkomulagi á félagaskiptagluggum þá sé verið að haga þeim misjafnt eftir deildum hér á landi. Markmiðið sé fyrst og fremst það að félagaskiptagluggar henti sem allra best þegar miðað er við upphaf og endir á leiktímabili í hverri deild.

Starfshópurinn er meðvitaður um það að með tillögðu fyrirkomulagi þá muni koma u.þ.b. hálfss mánaðar tímabil (í ágúst mánuði) þar sem félagaskiptagluggin í Bestu deildum karla og kvenna og 1. deild karla er opin en félagaskiptagluggi í neðri deildum er lokaður. Það kann að gera það að verkum að leikmaður geti skipt úr félagi í neðri deildum í félag í efri deildum án þess að félag sem leikmaður gengur úr geti fengið til sín leikmann í staðinn. Það sé vegna þess að félagaskiptagluggi í neðri deildum verður orðinn lokaður á þeim tíma.

Það er mat hópsins, út frá sjónarhorni leikmanns að það sé ekki neikvætt fyrir áhugaleikmann að hafa tækifæri á að færa sig til, ef vilji leikmanns er fyrir því. Sérstaklega ef um að ræða ósamningsbundinn leikmann. Með gerð sambandsamninga (eða leikmannssamninga í 2. deild karla og 1. deild kvenna) sé þó hægt að koma í veg fyrir að félög í neðri deildum missi leikmenn frá sér án þess að það komi í staðinn félagaskiptagjald/kaupverð.

Einnig má gera ráðstafanir í samningum vegna tímabundinna félagaskipta leikmanna úr efri deildum, t.d. þannig að samningnum um lánsleikmenn sé þannig háttað að leikmenn verði ekki kallaðir til baka úr láni í neðri deildum, nema þegar félagaskiptagluggar í neðri deildum séu enn opnir.

Mikilvægt er að félög í 1. deild kvenna, 2. deild karla, 2. deild kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla, 5. deild karla og Utandeild séu meðvituð um framangreint fyrirkomulag áður en keppnistímabilið 2023 gengur í garð. Þannig geti umrædd félög verið betur undirbúin undir það fyrirkomulag og gert viðeigandi ráðstafanir vegna félagaskiptaglugga sem starfshópurinn leggur til fyrir árið 2023.

### **Tillögur starfshóps um félagaskiptaglugga árið 2023:**

Starfshópur KSÍ um félagaskiptaglugga 2023, sem skipaður var á fundi stjórnar þann 15. ágúst sl. leggur fram eftirfarandi tillögur um félagaskiptaglugga á keppnistímabilinu 2023:

#### Félagaskiptagluggi efri deilda kk. og kvk.:

Besta deild karla, Besta deild kvenna, Lengjudeild karla, Lengjudeild kvenna og 2. deild karla



Fyrri gluggi (12 vikur): **2. febrúar til 26. apríl 2023**

Sumargluggi (4 vikur): **18. júlí til 15. ágúst 2023**

Tímabundinn sumargluggi í 2. deild karla og 1. deild kvenna (2 vikur): **18. júlí til 1. ágúst 2023**

Félagaskiptagluggi neðri deilda kk. og kvk.:

2. deild kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla, 5. deild karla og Utandeild.

Félagaskiptagluggi: **2. febrúar til 1. ágúst 2023**

#### **Annað:**

Starfshópurinn kannaði heimildir í regluverki DBU varðandi varaliðskeppni í Danmörku og hvernig leikmönnum þar sem ekki voru samningsbundnir viðkomandi félagi hefur verið leyft að taka þátt í leikjum „án formlegra félagsskipta“ á grundvelli tímabundins keppnisleyfis. Þannig geti leikmenn komið á reynslu og leikið í varaliðskeppninni án þess að klára formleg félagaskipti. Hópurinn kannaði þær heimildir með það fyrir augum að athuga hvort leiðir væru færar til þess að innleiða sambærilegt fyrirkomulag í Lengjubikarnum. Í svörum sem bárust frá DBU kom fram að þetta tiltekna fyrirkomulag á varaliðskeppni hjá DBU og dönsku deildarsamtökunum hefur verið hætt. Fyrirkomulagið á varaliðskeppninni hafi ekki staðist regluverk FIFA. Hafði fyrirkomulagið þær afleiðingar að FIFA sektaði bæði DBU og deildarsamtökin í Danmörku vegna þess. Það er álit DBU að ætli leikmenn að spila án leikheimildar, þá þurfi það að vera í mótum sem hafi enga aðkomu eða tengingu við DBU.

Starfshópurinn mun því ekki leggja til neinar breytingar á fyrirkomulagi félagaskipta í keppni í Lengjubikarnum. Það er engu að síður mat starfshópsins að tímabært sé að kanna hvort ástæða sé til að gera breytingar á leikja- og mótafyrirkomulagi á undirbúningstímabili m.t.t. til þess að mótafyrirkomulag í Íslandsmótum hefur tekið breytingum. Í því skyni leggur hópurinn það til að annar starfshópur verði skipaður með það hlutverk.

Virðingarfyllt,

Starfshópur um félagaskiptaglugga árið 2023